

### 3. FUNDUR FISKSJÚKDÓMANEFNDAR ÁRSINS 2017

#### --- Fundargerð ---

**Mættir:** GJ, GME og Guðni Guðbergsson (varamaður Ragnhildar).

(Í síma voru SD og Sigríður Gísladóttir sem var sérstaklega boðuð til þátttöku. Forföll boðuðu ÁK, RÞM og JP).

1. GJ setti fund kl. 13<sup>10</sup> í húsakynnum Matvælastofnunar á Selfossi, en SD tók svo yfir fundarstjórn þegar símasamband komst í lag. Þrjú formleg erindi voru á dagskrá og voru þau öll tekin til lokaafgreiðslu.
2. Megin þema fundarins var staða fiskilúsar (*Caligus* spp.) í sjókvíaeldisstöð í Dýrafirði og möguleg viðbrögð við henni. Borist hefur beiðni frá Bernharð Laxdal, dýralækni hjá Fish Vet Group fyrir hönd Arctic Sea Farm hf., þar sem farið er fram á undanþágu til notkunar á fóðri sem blandað er sníkjudýralyfinu Emamectine benzoate (SLICE). Þann 13. október sl. fór Sigríður Gísladóttir, dýralæknir fisksjúkdóma, í vettvangsskoðun og gaf í kjölfarið skýrslu til yfirdýralæknis og fisksjúkdómanefndar þar sem stöðu mála var lýst.

Eftir að málið hafði verið reifað frá öllum hliðum var samdóma álit nefndarmanna að skynsamlegast væri að gefa eldisseiðum áðurnefnt SLICE-fóður svo bæta megi aðstæður út frá velferð og heilbrigði. Samþykkt var að leyfa notkun á SLICE skv. umsókn og ráðleggja MAST að senda jákvæða umsögn til Lyfjastofnunar.

3. Næsta mál var einnig erindi frá Bernharð Laxdals dýralækni, en hann sendi inn beiðni 10. ágúst sl. um undanþágu til að fá að nota lyfið Paramove (virkt innihaldsefni er vetnisperoxíð; H<sub>2</sub>O<sub>2</sub>). Lyfið er notað gegn laxalús og er tilgangur þessarar umleitan að geta brugðist hratt við ef þörf krefur í baráttunni gegn laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*) hjá Arnarlaxi hf. á Bíldudal. Rök Bernharðs eru þau að mikilvægt sé að hafa úr fleiri meðferðarkostum að velja ef til þess kemur að meðhöndla þurfi aftur gegn lús, samanber meðferðina sl. vor í Arnarfirði með Alpha Max.

Í lok umræðna var einróma niðurstaða fundarmanna að hafna ofangreindri beiðni. Engin fagleg ástæða þykir til að opna á slíkan innflutning og notkun. Smit af völdum laxalúsar er aldrei það akútt að brýnt sé að eiga tilbúinn lager af ofangreindu lyfi sem þáttur í viðbragðsáætlun. Ávallt mun gefast tóm til að rýna hvert tilfelli fyrir sig og meta aðstæður og þörf á meðhöndlun. Samþykkt var að ráðleggja MAST að senda neikvæða umsögn til Lyfjastofnunar.

4. Að lokum var tekið fyrir erindi frá Stofnfiski hf. þar sem farið er fram á heimild til innflutnings á djúpfrystum laxasviljum úr klakfiskastofni SalmoBreed í Noregi.

Umsókn þessi er af sama meidi og áður hafa fengist afgreiddar með jákvæðum hætti eftir umfjöllun á vettvangi fisksjúkdómanefndar (2016 og 2017). Stofnfiskur sækir á ný um heimild fyrir innflutningi á djúpfrystum sviljum sem á eingöngu að nota til frjóvgunar á hrognum sem seld verða beint úr landi og kemur því erfðaeftirbærni hvergi

inn í framleiðslu hér á landi. Rökstuðningur umsækjenda er nauðsyn þess að bregðast við mikilli alþjóðlegri eftirspurn eftir sblendingshrognumö á milli SAGA stofnsins og SalmoBreed stofnsins. Ætlunin er að hýsa þessi djúpfrystu svil (ef endurnýjað leyfi fæst), ásamt hrognum sem verða frjóvguð með þeim til útflutnings, í sérstakri einangrunaraðstöðu þar sem allt frárennsli frá móttöku- og frjóvgunarrými verður tryggilega sótthreinsað. Strangar kröfur eru m.a. gerðar til sjúkdómaskimunar allra foreldrafiska.

Að lokinni umræðu var það samdóma álit fisksjúkdómanefndar, út frá mati á sjúkdómatengdum þáttum, að leggjast ekki gegn því að MAST veiti Stofnfiski endurnýjað leyfi fyrir innflutningi á ofangreindum laxasviljum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum í takt við þau er gefin voru við fyrri leyfi.

5. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15<sup>00</sup>.

Næsti fundur ekki ákveðinn, en verður boðaður eftir því sem þörf verður á.

Virðingarfyllst;

*Gisli Jónsson*